

## Leiðbeiningar um rými utanhúss og innandryra vegna COVID-19

Fjöldatakmörkun á samkomum fer eftir ákvörðun yfirvalda hverju sinni.

Skv. reglugerð heilbrigðisráðherra sem tók gildi 7. september 2020 má hvert rými innan- sem utandyra ekki taka á móti fleirum en 200 manns.

Um öll rými og svæði gildir að einstaklingar eiga ekki að koma inn á þau ef þeir:

- Eru í sóttkví.
- Eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
- Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- Eru með einkenni um COVID-19 (hósta, hita, hálssærindi, kvæfinkenni, höfuðverk, bein- eða vöðvaverki, þreytu).

Börn fædd árið 2005 og síðar eru undanþegin fjöldatakmörkunum.

Einstaklingar eiga að virða nálægðartakmarkanir á milli ótengdra aðila. Fullorðnir þurfa þannig að virða 1 metra reglu sín á milli og við ótengd börn.

Enginn samgangur (blöndun) á að vera á milli rýma. Það gengur þvert á tilgang fjöldatakmarkana að hafa 200 manna rými ef aðilar safnist svo saman t.d. í sömu veitingasölu eða blandist saman í hléi.

Rými þurfa að vera aðskilin með a.m.k. 2 metra háu skilrúmi eða 1 metra bili sem ekki má fara yfir.

Við miðasölu þarf að miða við að fjölskyldur og tengdir aðilar geti setið saman en að 1 metri sé á milli ótengdra aðila (1 autt sæti fyrir framan og til hliða).

Auðvelt aðgengi að handþvottaaðstöðu og/eða handspritti þarf að vera til staðar í hverju rými.

Hvert skilgreint rými þarf að hafa eigin inngang og útgang og enginn samgangur er heimilaður á milli rýma.

Salerni þurfa að vera aðskilin fyrir hvert rými.

Miðasala, veitingasala og önnur sambærileg þjónusta þarf að vera aðskilin fyrir hvert rými. Starfsfólk við slíka þjónustu má ekki fara á milli rýma. Sama á við framreiðsluaðila.

Sameiginlega snertifleti þarf að þrifa og sótthreinsa a.m.k. daglega eða oftár eftir aðstæðum.

Brýna þarf fyrir gestum að gæta ýtrustu varkárni og virða reglur um nálægðartakmarkanir og sóttvarnir. Veggspjöld til áminningar eru til sem hægt er að hengja upp

(<https://www.covid.is/veggspjold>).